

## **8. fundur stjórnar AP**, starfsárið 2017-2018

haldinn á Fosshótel Húsavík fimmtudaginn 28. júní 2018 kl. 10:00.

Mætt: Aðalsteinn Á Baldursson, Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Arnar Guðmundsson og Elías Pétursson fjarstaddir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð.

### **Á fundi gerðist þetta:**

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

#### **1. Hvatningarverðlaun 2018**

Í framhaldi af samtali stjórnarmanna og framkvæmdastjóra í aðdraganda fundar var samþykkt að veita Sigurði Þórarinssyni og Hafdísi Josteinsdóttur hjá Fatahreinsun Húsavíkur hvatningarverðlaun ársins fyrir uppbyggingu á farsælum fjölskyldurekstri sem nú færast á herðar afkomenda.

#### **2. Dagskrá aðalfundar og starfsmenn**

Farið yfir dagskrána sem er hefðbundin en þó minni þar sem ekkert stjórnarkjör fer fram né kosning endurskoðanda þar sem þetta er síðasti aðalfundur hlutafélagsins. Hins vegar er til afgreiðslu tillaga stjórnar um að starfsemin verði færð til sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri sem beri sama nafn. Taki hún við réttindum og skyldum hlutafélagsins eins og þær stóðu 31. des. sl. og að í framhaldinu verði hlutafélaginu slitið.

Samþykkt tillaga um að Drífa Valdimarsdóttir fjármálastjóri Norðurþings verði fundarstjóri og Ari Páll Pálsson starfsmaður félagsins fundarritari.

#### **3. Önnur mál**

Formaður þakkaði stjórnarmönnum samstarfið, en þetta er síðasti stjórnarfundur hlutafélagsins Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:45